

Kíkir
Karl Ómarsson
Kt:060675-4579
Kikir.info@gmail.com



Snæfellsbær 19. apríl 2016
UST201604-010/B.R.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Snæfellsjökull - Djúpalónssandur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Karls Ómarssonar, dags. 4. apríl 2016, vegna fyrirhugaðra kvikmyndatöku í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Um er að ræða erlenda heimildarmynd fyrir EBS (Educational Broadcast System) í Suður Kóreu um Neanderthal (saga frumbyggja jarðar).

Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um leyfi til upptöku á heimildarmynd um Neanderthalsmenn á Djúpalónssandi 20. apríl frá 10-17 og á Öndverðanesi 21. apríl frá 10 til 17. Fjöldi starfsmanna verður 10-12. Fyrri daginn verður daglegt amstur Neanderthalsmanna myndað þar sem þeir nærast og nota eld og seinni daginn munu leikarar ganga og hlaupa. Leikmunir eru eldur, gerviblóð og kjöt. Ráðstafanir verða gerðar til að hvorki gerviblóð né hratt kjöt komist í snertingu við jarðveg og mengi hann. Gasbrennari verður notaður til að líkja við lítinn opinn eld. Járnpata verður sett undir og jarðvegur yfir. Bornlausu tjaldi verður komið fyrir sem skýli fyrir tókumenn og tæknilið.

Áhrifamat:

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Í þjóðgördum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist sbr. 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sörpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001. Óheimilt er að flytja plöntur, fræ og dýr í þjóðgarðinn skv. 8. gr. reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðið sé skilyrðum þessa leyfis fylgt eftir.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum á Djúpalóni og Öndverðanesi dagana 20. og 21. apríl 2016 eins og lýst er í umsókn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókum hefst og þegar frágangi lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið, forðist allt rask og gæti þess að allt rusl verði fjarlæggt.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill nema á frosinni, snævi þakinni jörð. Að sama skapi er óheimilt er að leggja bílum utan vega.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.

- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal starfsfólki á staðnum þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.900 kr/klst.

Virðingarfyllst



Birna Heide Reynisdóttir
Svið náttúru



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri